



Skjalnúmer...: 02.05
Útg.d...: 20.01.2014
Útgáfa...: 1.0
Áb.maður...: Anton Benjamínsson

Mannauðsstefna

Markmið og umfang

Auðlindir Slippsins eru fólgnar í starfsfólki fyrirtækisins, þekkingu og víðtækri reynslu þess. Það er því markmið Slippsins að ráða, halda í og efla hæft starfsfólk með öllum tiltækum ráðum. Slippurinn leggur mikla áherslu á að hjá fyrirtækinu starfi hæft og áhugasamt starfsfólk með víðtæka reynslu og þekkingu. Slippurinn gerir þá kröfu til sinna starfsmanna að þeir hafi lágmarks kunnáttu og geti tjáð sig á íslenski tungu. Allir starfsmenn fyrirtækisins koma fram fyrir hönd þess út á við gagnvart viðskiptavinum og samstarfsaðilum og skulu ávallt vera fyrirtækinu til sóma. Starfsmenn skulu vera ábyrgir í starfi sínu og sýna frumkvæði til framþróunar fyrir fyrirtækið.

Starfsumhverfi

Lögð er áhersla á góðan og jákvæðan starfsanda í fyrirtækinu og að starfsmenn sýni hver öðrum virðingu og jákvætt viðmót.

Jafnrétti og samskipti

Við ráðningar er leitast við að gæta jafnréttis kynja, kynþátta og trúar, sjá jafnréttisáætlun Slippsins. Ávallt er reynt að koma á móts við þarfir starfsmanna vegna skyldna þeirra gagnvart fjölskyldunni. Við ráðningar er hæfasti aðilinn ávallt ráðinn. Ávallt er gætt fyllstu virðingar í samskiptum starfsmanna og stjórnenda, hvort sem við á um formleg starfsmannasamtöl eða óformleg samskipti á milli starfsmanna.

Starfsþróun - endurmenntun

Slippurinn veitir starfsfólki tækifæri til starfsþróunar ásamt endur- og símenntun. Farið er yfir endur- og símenntun í starfsmannasamtölum sem fara fram einu sinni á ári. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og hans yfirmanns að framfylgja fræðslu og þjálfun hvers og eins starfsmanns.

Móttaka nýrra starfsmanna

Móttaka nýrra starfsmanna skal vera markviss og og er það markmið að nýjum starfsmanni líði vel frá upphafi. Móttakan skal vera í samræmi við verklagsreglu fyrirtækisins. Nýr starfsmaður skal vera „fóstraður“ hjá eldri starfsmanni þar til hann er kominn inn í hið daglega líf í fyrirtækinu. Nýr starfsmaður fær á fyrsta degi gagnlegar upplýsingar um hlutverk sitt og skyldur.

Heilsuefling

Slippnum er umhugað um heilsu sinna starfsmanna, betri líðan gefur fyrirtækinu jákvæðari og betri starfskraft. Árlega er boðið upp á innflúensubólusetningu.

Fatastefna

Starfsmenn skulu ávallt uppfylla allar öryggisreglur og öryggiskröfur vegna fatnaðar og persónuhlífa. Annar öryggisbúnaður en sá sem er notaður daglega skal ávallt vera til staðar þegar starfsmaður þarf á því að halda.